



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIÐURSGESTUR Á HÁTÍÐARTÓNLEIKUM

Frú Valerie Amos baronessa, ráðherra í ríkisstjórn Tony Blair og talsmaður ríkisstjórnarinnar í Lávarðadeildinni bresku, hefur þekkt boð forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar um að vera heiðursgestur á hátíðartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fimmtudaginn 8. desember næstkomandi í Háskólabíói. Forseti bauð einnig einsöngvaranum Bryn Terfel og mun hann dvelja í gestahúsi forsetaembættisins.

Valerie Amos baronessa er fædd í Guyana og á að baki langan og farsælan feril í breskum stjórnámálum, framanaf í sveitarstjórnnum en síðar á vettvangi landsmála. Hún varð aðstoðarutanríkisráðherra árið 2001 og tók sæti í ríkisstjórn Tony Blair tveimur árum síðar, fyrsta blökkukonan sem sest í breska ríkisstjórn. Hún er nú talsmaður ríkisstjórnarinnar í Lávarðadeildinni, sem er helsta ráðherraembætti ríkisstjórnarinnar í þeirri deild breska þingsins.

7. desember 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028) og Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (893 6010)